

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/1832

2016/EES/18/23

frá 12. október 2015

um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar notkun á erýtrítóli (E 968) sem bragðaukandi efni í bragðbættar drykkjarvörur sem eru orkuskertar eða án viðbættis sykurs (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 frá 16. desember 2008 um aukefni í matvælum (¹), einkum 3. mgr. 10. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er sett fram skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni sem samþykkt hafa verið til notkunar í matvæli og skilyrði fyrir notkun þeirra.
- 2) Uppfæra má skrána í samræmi við sameiginlegu málsmeðferðina sem um getur í 1. mgr. 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 (²), annaðhvort að frumkvæði framkvæmdastjórnarinnar eða í kjölfar umsóknar.
- 3) Hinn 28. maí 2014 var lögð fram umsókn um leyfi fyrir notkun á erýtrítóli (E 968) sem bragðaukandi efni í bragðbættar drykkjarvörur í matvælaflokk 14.1.4. í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008. Umsóknin var síðan gerð aðgengileg fyrir aðildarríkin skv. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008.
- 4) Óskað er eftir að nota erýtrítól (E 968) til að bæta bragðið af drykkjarvörum, sem eru orkuskertar eða án viðbættis sykurs, sem og tilfinningu í munni þegar þeirra er neytt þannig að bragð þeirra sé svipað og sykraðra vara. Erýtrítól í litlu magni er bragðaukandi efni og hjálpar við að draga úr óbragði og langvarandi sætubragði sem tengist notkun á öflugum sætuefnum í þessar drykkjarvörur. Ávinningurinn fyrir neytendur væri því sá að til væru drykkjarvörur, sem eru orkuskertar eða án viðbættis sykurs, sem brögðuðust betur.
- 5) Árið 2003 komst vísindanefndin um matvæli að þeirri niðurstöðu að erýtrítól (E 968) sé öruggt til notkunar í matvæli. Samþykki Sambandsins á erýtrítóli (E 968) nær ekki enn til notkunar í drykkjarvörur þar eð í álit vísindanefndarinnar um matvæli kom fram að neysla á erýtrítóli í drykkjarvörum gæti haft í för með sér að farið væri yfir viðmiðunarmörk fyrir hægðalosandi áhrif, einkum hjá ungum neytendum.
- 6) Hinn 12. febrúar 2015 gaf Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) út álit (³) um öryggi tillagðar rýmkunar á notkun á erýtrítóli (E 968) sem matvælaaukefni. Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu að mikil neysla í einu (inntaka í stöku tilviki) á erýtrítóli í óáfengum drykkjum með að hámarki 1,6% af erýtrítóli gæfi ekki tilefni til áhyggna með tilliti til hægðalosandi áhrifa. Matvælaöryggisstofnunin byggði niðurstöður sínar á gögnum sem fela í sér váhrifamat með tilliti til tillagðs hámarksgildis erýtrítóls í óáfengum drykkjum, sem nemur 1,6%, reynslu af notkun erýtrítóls, upptökueiginleika þess og skorts á neikvæðum niðurstöðum, þ.m.t. hægðalosandi áhrif, eftir inntöku efnisins.
- 7) Því er rétt að leyfa notkun á erýtrítóli (E 968), sem bragðaukandi efni í bragðbættar drykkjarvörur í matvælaflokk 14.1.4. í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008, sem er að hámarki 1,6%.
- 8) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 1333/2008 til samræmis við það.
- 9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 266, 13.10.2015, bls. 27. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 13/2016 frá 5. febrúar 2016 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

(¹) Stjtið. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 16.

(²) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 frá 16. desember 2008 um sameiginlega málsmeðferð við leyfisveitingu fyrir aukefni í matvælum, ensím í matvælum og bragðefni í matvælum (Stjtið. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 1).

(³) *Tiðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2015 13(3), 4033.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 12. október 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Ákvæðum E-hluta II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er breytt sem hér segir:

a) Í matvælaflokknum 14.1.4, „Bragðbættar drykkjarvörur“, er færslunni fyrir I. flokk, aukefni, breytt sem hér segir:

	„I. flokkur	Aukefni			Ekki má nota E 420, E 421, E 953, E 965, E 966 eða E 967 Ekki má nota E 968 nema sérstaklega sé kveðið á um það að því er varðar þennan matvælaflokk“
--	-------------	---------	--	--	--

b) Í matvælaflokknum 14.1.4, „Bragðbættar drykkjarvörur“, bætist eftirfarandi færsla við á eftir færslunni fyrir E 962:

	„E 968	Erytrítól	16 000		Einungis sem bragðaukandi efni í drykkjarvörur sem eru orkuskertar eða án viðbættis sykurs“
--	--------	-----------	--------	--	---